

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringu-sýslu og í Reykjavíkur kaupstað.

1864.
25. apríl.

Í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar 23. febrúarm. f. á. kunngjörir stjórnarráðið yður hérmeð, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtíð það, svo sem þörf er á, að hið síðasta ríkisþing ekki féllst á uppástungu þá, sem dómsmálastjórnin hlutadist til að sett væri í frumvarpið til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65, um að manntalsþingagjöldin í Gullbringu sýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem að undanförnu hafa greidd verið eptir verði verðlagsskrárinnar á hördum fiski, framvegis skuli greidd eptir meðalverði allra meðalverða, og ber því að heimta gjöld þessi á sama hátt og hingaðtil hefir átt sér stað.

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um endurgjald styrks, er Guðrúnu Gunnlaugsdóttur hafði veittur verið úr fátækra-sjóði Kaupmannahafnar.

29. apríl.

Í bréfi 23. nóvemberm. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf því, að fátækra-stjórnin í Reykjavík hefir færzt undan að endurgjalda fátækra-sjóð Kaupmannahafnar fátækrastryk þann, er ekkjan Guðrún Gunnlaugsdóttir fekk meðan hún dvaldist hér í borginni.

Eptir að búíð er að skrifast á um þetta mál við innan-ríkisstjórnina, skal yður hérmeð kunngjört, að eins og hið fyrrverandi danska kansellí útaf fyrirspurn frá fátækra-stjórninni í Kaupmannahöfn um það, hvar leita skyldi borgunar fyrir Íslendinga, þá er þeir yrðu þurfandi fátækrastryks og þeir eigi væru búnir að ávinna sér framfærslurètt í greindum stað, úrskurðaði í bréfi 17. júním. 1817, að í því efni ætti að snúa sér til hlutadeigandi amtmanns á Íslandi í því umdæmi, þarsem sannað yrði með réttarprófum, að þurfamaðurinn ætti framfærslurètt, þannig virðist dómsmálastjórninni vafalaust, að sú skylda eptir

1864.

29. apríl.

eðli hlutarins hvíli á fátækra sjóðnum í Reykjavík að endurgjalda fæstyrk þann, er ofangreindri ekkju var í tæ látinn, og ber því að borga fátækra sjóðnum í Kaupmannahöfn gjöld þau, sem um er rætt í máli þessu, og sem voru greidd til bráðabirgða úr sjóði þessum, en gjöld þessi eru alls 156 rd. 94 sk. eptir meðfylgjandi reikningum, sem allir eru óborgaðir. 3 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

30. apríl.

39. Leyfisbréf fyrir cand. pharmacie P. H. J. Hansen til að hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Íslandi.

Vér Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Að Vér eptir þegnlegri bænarskrá og ósk Péturs Hinriks Jóhanns Hansens, cand. pharmacie, höfum allramildilegast heimilað honum og leyft, eins og Vér hérmeð heimilum honum og leyfum, að hann, sem hefir yfirheyrður verið af nefnd þeirri, er hefir á hendi próf lyfsölumanna, og verið hæfur fundinn til að veita forstöðu lyfjabúð, megi hafa lyfjabúð í Stykkishólmi í vesturumdæminu á Voru landi Íslandi og leita sér þar atvinnu á löglegan hátt sem lyfsölumaður; og ber honum í öllum greinum að hegða sér eptir þeim tilskipunum, sem allramildilegast hafa útgefnar verið um lyfsölumenn, hinna lögskipuðu lyfja-verðlagsskrá, og þeim eiði, sem hann þegnlega unnið hefir, en aptur á móti höfum vér allramildilegast heimilað honum og leyft, að hann megi njóta þeirra einkaréttinda, sem um er rætt í greindum tilskipunum, og sem þær leyfa lyfsölumönnum að njóta, og eiga hlutaðeigandi embættismenn í öllum greinum að styrkja hann og vernda rétt hans í því efni; þó skal þetta Vort allramildilegasta einkaleyfi einungis hafa gildi fyrir hann sjálfan, svo að þegar hann annaðhvort í lifanda lífi hættir þessari atvinnu sinni eður fellur frá, þá ber að gefa öllum þeim, sem þartil hafa lögboðna hæfilegleika, aðgang til að hafa lyfjabúð á fyrgreindum stað, án þess að sá, sem þar eptir öðlast einkaleyfið, verði skyldur til að kaupa af honum eður búi hans lyfjabúðina, áhöldin eður vörurnar.